

33  
15. júní

## LÖG

um

### rikisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörrum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

#### 1. gr.

Skilgetið barn fær íslenskt ríkisfang jafnskjótt sem það fæðist, ef faðir þess er þá íslenskur ríkisborgari, og óskilgetið barn, ef móðir þess er það þá.

Nú er ókunnugt um ríkisfang barns, og skal það þá talið íslenskur ríkisborgari, þar til annað reynist sannara.

#### 2. gr.

Nú hefir karlmaður eða ógift kona, sem fædd eru hjer á landi, en eiga þó ekki ríkisfang hjer, haft hjer samfleytt lögheimili til fullra 19 ára aldurs, og öðlast þau þá íslenskt ríkisfang, hvort sem þau eru fædd áður en lög þessi öðlast gildi eða eftir það, enda hafi aðili ekki síðasta árið lýst því skriflega fyrir lögreglustjóra, að hann hirði ekki að öðlast íslenskt ríkisfang, og þá jafnframt sannað ríkisborgararjett sinn í öðru landi með löggildu vottorði. Ekki stoðar þó slík yfirlýsing, ef faðir aðilja, ef hann er skilgetinn, og móðir hans, ef hann er óskilgetinn, hafa sjálf tilskilið sjer erlent ríkisfang með þessum hætti.

Ef maður fær íslenskt ríkisfang samkvæmt þessari grein, þá fylgja kona hans og skilgetin börn því ríkisfangi. Sama er um óskilgetin börn, ef móðir þeirra á hlut að máli.

#### 3. gr.

Nú gengur íslenskur ríkisborgari að eiga konu, sem á erlent ríkisfang, og fær hún þá ríkisfang manns síns. Sama er um ósjálfráða og ógift börn, er þau hafa saman átt.

#### 4. gr.

Veita má mönnum íslenskan ríkisborgararjett með lögum samkvæmt fyrirmælum stjórnarskrárinnar.

Nú fær maður ríkisfang samkvæmt undanfarandi málsgrein, og fylgja þá kona hans og ólögráða og ógift börn, er þau hafa saman átt, ríkisfangi hans,

nema lögin láti öðruvísi um mælt. Óskilgetin börn, ógift og ólögráða, fylgja með sama hætti ríkisfangi móður sinnar.

33  
15. júní

#### 5. gr.

Nú verður maður ríkisborgari í öðru landi, og missir hann þá íslensks ríkisfangs. Sá, er öðlast hefir íslenskt ríkisfang er hann fæddist, hieldur því þó þar til hann flytst búferlum af landi hjeðan:

#### 6. gr.

Íslenskur maður og íslensk kona ógift, sem fædd eru erlendis og aldrei hafa átt lögheimili á Íslandi, missa íslensks ríkisfangs, þá er þau eru fullra 22 ára að aldri. Þó má kveða svo á með konungsúrskurði, að aðili megi halda íslensku ríkisfangi.

Nú hefir maður dvalist hjer á landi til náms eða í einhverju öðru skyni, er af megi ráða það, að hann vilji íslenskur ríkisborgari vera, og skal þá líta svo á í þessu efni, sem hann hafi átt heima á Íslandi.

Ef maður missir íslensks ríkisfangs samkvæmt þessari grein, þá fer með sama hætti um konu hans og skilgetin börn. Sama er um óskilgetin börn, ef aðili er kvenmaður.

#### 7. gr.

Konungur getur leyst þann, sem orðinn er erlendur ríkisborgari eða ætlar að verða það, undan þegnskyldu á Íslandi, enda sanni aðili, að hann verði inn-  
 ákveðins tíma erlendur ríkisborgari, ef hann er ekki þá þegar orðinn það.

#### 8. gr.

Kona, sem gengið hefir að eiga erlendan ríkisborgara áður en lög þessi komu til framkvæmdar og hefir því mist íslensks ríkisfangs, skal aftur fá það, ef hún sendir ráðherra beiðni um það, enda hafi hún gerst íslenskur ríkisborgari þegar er hún fæddist og átt jafnan lögheimili á landi hjer síðan sá ráðahagur tókst. En missa skal hún íslenskan ríkisborgararjett jafnskjótt sem hún flytst búferlum af Íslandi.

Þeir einir, sem náð hafa 22 ára aldri að 3 árum liðnum frá því, er lög þessi ganga í gildi, missa ríkisfang samkvæmt 6. gr. laga þessara.

Að öðru leyti skal fara eftir lögum þessum, ef sú staðreynd, er veldur því, að maður fái íslenskan ríkisborgararjett eða missi hann, gerist eftir að þau ganga í gildi, nema þau láti öðruvísi um mælt.

**33**  
15 júní

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 1.—8. gr. laga nr. 21. 6. okt. 1919; um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.  
(L. S.)

*Jón Magnússon.*

**34**  
15. júní

## LÖG

um

**breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað 3. málgr. 5. gr. laga nr. 88, 14. nóv. 1917, kemur:

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðarakstur.

Bifreiðarstjóri, sem brýtur ákvæði 9. gr. 2. málgr., er slys vill til, eða ekur bifreið ölvaður, skal, auk sekta eftir 14. gr., sviftur ökuskírteini um ákveðinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði, eða æfilangt, ef brot er ítrekað, verulegt slys hlýtt fyrir ölaði eða miklar sakir eru að öðru leyti.

Svifting ökuskírteinis skal gerð með dómi í máli því, sem höfðað er út af brotinu, og má ennfremur láta önnur brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, ef ítrekuð eru eða miklar sakir eru að öðru leyti, varða, auk sekta eftir 14. gr., sviftingu ökuskírteinis um ákveðinn